

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 31. ágúst 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. 818. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að efla stuðning við kaupendur fyrstu íbúðar. Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög nr. 52/2016, um almennar íbúðir, þar sem opinberum aðilum er ætlað að veita húsnæðisfélögum 30% stofnframlag vegna byggingar eða kaupa húsnæðis sem ætlað er leigjendum, sem eru undir tilteknum tekju- og eignamörkum.

SA eru fylgjandi því að frumvarpið verði afgreitt sem lög á yfirstandandi Alþingi. Samkvæmt frumvarpinu er megin tillagan sú að einstaklingum sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð er heimilt að ráðstafa sínum séreignarsparnaði yfir 10 ára tímabil skattfrjálst til slíkra kaupa, ýmist beint eða til að greiða niður lán sem fylgir kaupum á fasteigninni. Hámarksfjárhæð á ári er 500 þús.kr. á einstakling. Þessi aðstoð beinist fyrst og fremst að ungu fólki.

Eignamyndun í fasteign hefur verið skilgreind, m.a. af OECD, sem hluti þriðju stoðar lífeyrissparnaðar, þ.e. séreignarlífeyrissparnaðar. Ljóst er að lífeyrisþegar geta gengið á skattfrjálsar eignir sínar sér til framfærslu. Ekki er því óeðlilegt að hluti þess fyrirkomulags sem er við lýði hér að landi að hvetja til, með skattalegum aðgerðum að fólk safni upp viðbótarlífeyrissparnaði og að hluti hans geti falist hvatningu til eignamyndunar í fasteign. Fyrirhuguð hækkun á iðgjaldi launþega í lífeyrissjóði á almennum markaði styrkir grundvöll þess að ungt fólk nýti séreignarsparnaðinn tímabundið til að eignast eigið húsnæði.

SA leggja til við efnahags- og viðskiptanefnd að öllum undir tilteknum aldri (30-35 ára) verði veitt heimild til að hefja 10 ára skattfrjálsan séreignasparnað til að fjárfesta í íbúðarhúsnæði óháð hvenær það fjárfesti í sinni fyrstu íbúð. Það myndi auka jafnræði meðal ungs fólks og auðvelda framkvæmd laganna og eftirlit með þeim.

Gera má ráð fyrir að fólk sem nýtir sér framangreint úrræði til kaupa á sinni fyrstu íbúð hafi ekki nýtt sér þann rétt að fullu þegar að kaupum kemur. Ákvæði í framkomnu lagafrumvarpi um verðtryggð neytendalán, mál nr. 817, er einnig ætlað að auðvelda ungu fólki að eignast eigin íbúð. Þrátt fyrir framangreinda aðstoð má ljóst vera að fólk fjárfestir ekki í eigin íbúð nema að geta lagt fram allnokkuð eigið fé við kaupin til viðbótar við lánsféð.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason